



## Skýrsla stjórnar Myndstefs. Lögð fram af formanni á aðalfundi samtakanna 9. júní 2020

Myndstef eru félagasamtök og er tilgangur þeirra að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði.

Hlutverk Myndstef eru m.a. að innheimta höfundarétt- og fylgiréttagreiðslur og koma þeim til höfunda/rétthafa, að veita lögfræðilega ráðgjöf varðandi höfundarétt og gerð samninga, að standa fyrir kynningum og fræðsu, að hafa áhrif á þróun laga og annast samningagerð við opinbera aðila og einkaaðila – ásamt fleirum verkefnum.

Á árinu 2019 voru breyttar samþykktir Myndstefs teknar í gagnið og breyttist samsetning og fjöldi stjórnarmanna Myndstefs, sem er nú samasett úr einum aðila tilnefndum af SÍM, einum aðila tilnefndum af Hönnunarmiðstöð og einum aðila tilnefndum af Ljósmyndarafélaginu – ásamt tveimur óháðum aðilum tilnefndir af fulltrúaráði. Hvert aðildarfélag Myndstefs, sem eru 20 talsins, á sæti í fulltrúaráði.

Þessi breyting, ásamt fleirum, var gerð vegna innleiðingar tilskipunnar Evrópusambandsins. Innleiðingin var í formi nýrra laga nr 88/2019 sem samþykkt voru í júní árið 2019 og fjalla um sameiginlega umsýslu höfundaréttar.

Í maí s.l. voru skráðir félagsmenn Myndstefs 2.422 talsins, þar af höfðu 519 skilað umboði til samtakanna. 302 aðilar eru skráðir með einstaklingsaðild utan aðildarfélaga. Við hvetjum aðildarfélög til þess að senda skrifstofu Myndstefs uppfærð félagatöl sín.

### 1. Styrkúthlutanir

Myndstef veitir ýmsa styrki árlega, en fjármagn sem fer í styrki kemur til vegna heildarsamninga sem ekki er unnt að greiða út einstaklingsbundið til höfunda ásamt greiðslu vegna höfunda sem eru fallnir úr vernd, finnast ekki eða ekki er unnt að greiða út með öðrum hætti. Á árinu 2019 samþykkti stjórn Myndstefs upphæðir á styrkjum í samráði við endurskoðanda samtakanna.

Í heildina úthlutaði Myndstef 10.750.000 kr í styrki árið 2019, sem var 2.440.000 kr lækkun frá styrkveitingum á árinu 2018. Lækkunin skýrist aðallega vegna 2.000.000 kr styrkveitingar til SÍM á árinu 2018 vegna framkvæmda við Seljaveg 32.

Ákveðið var að hægt væri að sækja um tvö mismunandi hámarksverkefnastyrkja, annars vegar 200.000 kr og hins vegar 400.000 kr. Ferða- og menntunastyrkir héldust í 150.000 kr. Úthlutunarnefnd var þó gefið það ákvörðunarvald að veita lægri styrki ef umsækjendur sóttu ekki um fullan styrk.

Eftir að umsóknarferli styrkja til Myndstefs var gert rafrænt og með beinni tengingu við félagsmenn jókst fjöldi styrkumsókna töluvert og hefur fjöldinn haldist nokkuð jafn síðan þá. Á árinu 2019 bárust 140 umsóknir um verkefnastyrk og hlutu 40 umsækjendur styrk, en einn styrkþegi tilkynnti um að verkefnið yrði ekki framkvæmt vegna óviðráðanlegra aðstæðna og greiddi styrk sinn til baka. 68 umsóknir bárust vegna ferða- og menntunarstyrks, en hlutu 24 umsækjendur styrk. Eingöngu var hægt að veita um 30% umsækjenda styrk að þessu sinni.

Í heildina voru veittar 7.850.000 kr í verkefnastyrki og 2.250.000 kr í ferða- og menntunarstyrki.

Úthlutunarnefnd sem skipuð var á árinu 2018 hélt áfram störfum sínum, en hver nefnd er skipuð þremur aðilum frá mismunandi aðildarfélögum og situr hver nefnd í tvö ár. Ný nefnd mun því starfa við styrkúthlutanir í ár.

Einnig var veittur áður umsaminn styrkur í ferða- og dvalarsjóðinn Mugg að upphæð 400.000 kr. Myndstef hélt áfram að styrkja SÍM mánaðarlega til reksturs að upphæð 45 þúsund eins og samið var um á árinu 2013, eða þar til skrifstofa Myndstefs flutti í júní. Styrkurinn var veittur úr fylgiréttarsjóði.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnar Myndstefs hversu miklum fjármunum verði varið í styrkveitingar á þessu ári, en sú ákvörðunartaka er í höndum stjórnar Myndstefs í samráði við löggiltan endurskoðanda.

## 2. Samningamál

Ýmsir samningar hafa verið gerðir á árinu, margir hverjir vegna einstakra verkefna eða útgáfa en einnig svokallaðir samningakvaðasamningar eða heildarsamningar. Með því er átt við samninga vegna birtinga á fjölda verka sem ekki er hægt að sundurliða milli höfunda og greiða beint út til þeirra. Heimild Myndstefs er rituð í höfundalög nr 73/1972 og lög um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr 88/2019 sem er svo staðfest með viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þessir fjármunir renna í styrktarsjóð Myndstefs af frádregnum umsýslukostnaði.

Nokkrir samningskvaðasamningar voru undirritaðir á árinu 2019, en helst ber að nefna safnasamningana. Um er að ræða tímamótasamninga við söfn vegna rafrænna birtinga á safnmunum þeirra, t.d. á Sarpi. Þessir samningar opnar á heimild til almennings og skóla að nota menningararf landsins til kennslu og fræðslu.

Eftir að fyrstu safnasamningarnir voru undirritaðir í desember árið 2018 við Þjóðminjasafnið og Listasafn Íslands var öðrum söfnum landsins boðinn slíkur samningur. Hefur það svo verið áframhaldandi vinna skrifstofu að þrýsta á gerð slíkra samninga. Undirritaðir safnasamningar á árinu 2019 voru við Gerðarsafn, Listasafn ASÍ, Listasafn Borgarness, Svavarssafn og Safnasafnið. Fleiri samningar hafa svo verið undirritaðir á þessu ári. Heildarlisti yfir söfn sem hafa gert safnasamning við Myndstef er sífellt uppfærður og aðgengilegur á heimasíðu Myndstefs.

Heildartekjur á árinu 2019 vegna samningskvaðasamninga voru 1.544.580 kr.

## 3. Kynningar og málþing

Eitt af mikilvægum hlutverkum Myndstefs er fræðsla, bæði fyrir höfunda og notenda hugverka. Árið 2019 héldu starfsmenn Myndstefs aðallega kynningar fyrir nemendur, en haldnar voru kynningar á höfundarétti í námstímum í Ljósmyndaskólanum, Tækniskólanum og Listaháskóla Íslands.

Einnig mættu starfsmenn á kynningar og fundi hjá öðrum er varðar höfundarétt, t.d. kynningarfund hjá STEF vegna breytinga á skattlagningu höfundaréttar og samráðsfund haldinn af BÍL vegna nýrra höfundaréttarlaga Evrópusambandsins.

Minnt er á að aðildarfélög geta óskað eftir kynningu/fyrirlestri frá Myndstefs þeim að kostnaðarlausu.

#### **4. Fylgiréttargjöld**

Á árinu 2019 námu innheimt fylgiréttargjöld rúmlega 11 milljónum og voru tæplega 7 milljónum greiddar til viðeigandi höfunda. Rúmlega 3 milljónir runnu til starfslaunasjóðs.

Almennt gengur innheimta fylgiréttargjalda ágætlega og flestir skila og greiða skv lögum og reglum, þó er ávallt töluverð vinna skrifstofu sem fer í innheimtu þess. Einnig hefur borið á því að uppboðshaldarar sem bjóða upp listaverk í góðgerðaskyni telja sig undanskilda þess að innheimta og greiða fylgiréttargjöld en það er ekki rétt. Hefur Myndstef fundað bæði með fulltrúum Góða hirðsins (Sorpu) og tveggja Lions klúbba vegna þessa.

Árið 2018 var samkomulagi náð við stærsta endursöluaðila og uppboðshaldara landsins og fékkst þá greitt talsvert upp í eldri skuld á fylgiréttargjöldum. Í byrjun árs 2019 var þó aftur illa greitt og ekki var staðið við lok fyrra samkomulags. Hafin var þá aftur innheimta á ógreiddum fylgiréttargjöldum sem endaði með því að kæra var lögð inn hjá Lögreglustjóranum í höfuðborgarsvæðinu í apríl árið 2019. Kæran hefur ekki enn verið tekin fyrir efnislega hjá lögreglunni og mun líklega ekki vera tekin fyrir fyrr en í fyrsta lagi í lok árs 2020 eða árið 2021. Því ber að nefna að endursöluaðilinn byrjaði að standa skil af fylgiréttargjöldum nýjustu uppboða í júlí árið 2019 og stendur enn í skilum með þau.

Í ágúst árið 2019 var Myndstefi tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar á lögum um verslun og atvinnu nr 28/1998, en í þeim lögum er m.a. fjallað um fylgiréttargjald og þá sérstaklega út frá „frjálsum uppboðum“ (5. kafli þeirra laga). Lengi hefur verið ljóst að misræmi er á milli þeirra laga og reglugerðar 486/2001 um fylgiréttargjald. Óskað var eftir greinagerð frá Myndstefi um yfirvofandi breytingar og sendu samtökin það til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 15. ágúst 2019.

Í september 2019 samþykkti Alþingi lög um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum). Lögin tóku gildi 1. jan 2020 og hafa þau í för með sér að höfundaréttartekjur hætta að vera skattlagðar sem tekjuskattur (36,94 % – 46,24 %) en verða skattlagðar sem fjármagnstekjuskattur (22%). Með lögunum lagðist einnig skylda á höfundaréttarsamtök eins og Myndstef að halda eftir skatti rétthafa og greiða til ríkissjóðs. Við úthlutanir frá 1. jan 2020 verður því dreginn fjármagnstekjuskattur af greiðslum til rétthafa frá Myndstefi.

#### **5. Aðild Myndstefs að Fjölís og IHM**

Myndstef á aðild að Fjölís og fulltrúa í stjórn. Rekstur Fjölís hefur gengið vel þar sem endurnýjaðir hafa verið flestir samningar. Heildartekjur Myndstef árið 2019 skv. úthlutunum frá Fjölís námu 22.217.910 kr og eru horfur á að tekjur félagsins verði svipaðar á komandi árum. Rekstrarumfang Fjölís hefur dregist verulega saman á undanförunum árum með endurnýjun og endurgerð samninga og er nú sinnt af framkvæmdastjóra í hlutastarfi og skrifstofa félagsins hýst hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Myndstef hefur einnig haft tekjur frá IHM, Innheimtumiðstöð gjalda, sem innheimtir höfundarréttarbætur fyrir sjónvarpsútsendingar annars vegar og hins vegar fyrir löglegri eintakagerð höfundaréttarvarða verka til einkanota. Fjármunir sem koma frá IHM er ráðstafað að mestu í styrki, eftir frádrátt umsýslukostnaðar.

Árið 2017 samþykkti þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra hækkun á greiðslu úr ríkissjóði til IHM. Einnig átti sér stað talsverð breyting á hugsum bakvið fjárhæðina, en hún var ekki lengur beintengd sköttum og gjöldum af ákveðnum vörum. Því var ljóst að nauðsynlegt væri að breyta fyrirkomulagi skiptingu greiðslu til aðildarfélaga IHM.

Leitað var til Norwaco (norsku systursamtök IHM) og ákveðið var að styðjast við úthlutunarkerfi þeirri ásamt Gallup könnunnar sem framkvæmd var á Íslandi. Strax komu í ljós mikla galla á norska kerfinu, sérstaklega er horft er til myndhöfunda. Til dæmis er ekki gert ráð fyrir myndhöfundum í norska kerfinu og notast er við þrískiptingu heildarfjárhæðar milli höfunda, framleiðanda og flytjenda, sem á illa við um myndhöfunda.

Samkvæmt fyrstu bráðabirgðaútreikningi IHM ætti hlutur Myndstefs að lækka verulega, svo mikið að er það talið óásættanlegt. Einnig eru önnur aðildarfélög ósátt við þessa aðferð og útreikning. Vegna þessa ágreinings hefur stjórn IHM ekki komist að niðurstöðu um hluta hvers félags.

Vegna ágreiningsins átti sér stað engin greiðsla frá IHM árið 2018, en árið 2019 voru tvær úthlutanir greiddar til Myndstefs sem byggðar voru þá á gömlu reikniformúlunni. Greiðslurnar voru greiddar með þeim fyrirvara að þegar niðurstöður nýrrar skiptingar lægi fyrir þyrftu félög að greiða mismuninn til baka eða gætu fengið meira greitt.

Þegar leyst hefur verið úr deilum innan IHM þarf Myndstef og Félag leikmynda- og búningahöfunda líklegast að semja um greiðslur, þ.e. ákveða hvaða hlutfall tekna Myndstefs frá IHM muni greiðast til FLBH (það verður þá væntanlega afturvirk). Áður fyrr var skipting ákveðins tekjuflokks IHM skipt skv eftirfarandi (en nú eru tekjur IHM ekki flokkaðar eftir þessum hætti, eingöngu kemur inn ein upphæð inn til IHM og verður henni skipt eftir nýjum leiðum);

Tekjum af myndböndum og myndbandstækjum skiptast á milli aðildarsamtaka í þessum hlutföllum: STEF 13%, Rithöfundasamband Íslands og Hagþenkir samtals 16%, Samtök kvikmyndaleikstjóra 12%, Myndstef 3,5%, þar af er hlutdeild leikmynda- og búningahöfunda 2/3 en hlutdeild annarra myndhöfunda 1/3, Bláamannafélag Íslands 2,5%, Félag kvikmyndagerðarmanna 4,5%, Félag leikstjóra á Íslandi 2,5%, Félag íslenskra hljómlistarmanna 10%, Félag íslenskra leikara 13%, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda 15% og Samband hljómplötuframleiðenda 8%.

Samtals var greitt 21.294.779 kr frá IHM til Myndstefs árið 2019 en vegna óvissu er ekki talið skynsamlegt að úthluta þeim öllum í formi styrkja. Það er gert með ráðum og vitneskju löggilts endurskoðanda samtakanna.

## **6. Skrifstofa Myndstefs og starfsmannahald**

Harpa Fönn og Aðalheiður Dögg eru einu starfsmennirnir á skrifstofu Myndstefs og starfa þær báðar í hlutastörfum. Einnig fær formaður greitt mánaðarlega fyrir störf sín fyrir samtökin.

Í byrjun árs 2019 deildi Myndstefs skrifstofuhúsnæði með SÍM að Hafnarstræti 16. Í júní flutti skrifstofan yfir til Hönnunarmiðstöðvar Íslands að Aðalstrætis 2, en þar var einnig skrifstofa Arkitektafélags Íslands til húsa.

Í desember neyddust félögin að flytja aftur þar sem leigusamningi við Hönnunarmiðstöð Íslands var sagt upp. Fundin var bráðabirgðalausn og fluttust félögin yfir í Hafnarhúsið, Tryggvagötu 17, um miðjan desember. Ljóst er þó að það húsnæði hentar ekki til lengri tíma.

Ekki er ljóst hvar aðsetur skrifstofu verður til frambúðar en Myndstefs er að vinna með Hönnunarmiðstöð Íslands í að finna varanlega staðsetningu fyrir skrifstofu samtakanna.

## 7. Samstarf við erlend höfundaréttarsamtök

Samstarf hefur verið milli Myndstefs og VISDA (áður CopyDan), BUS, Kuvasto og BONO þ.e. systursamtaka Myndstefs á Norðurlöndunum. Samstarfið fellst aðallega í því að fulltrúar frá þessum samtökum hittast reglulega, upplýsa það sem er efst á baugi í höfundarétti í hverju landanna fyrir sig og bera að öðru leiti saman bækur sínar. Að auki innheimta félögin greiðslur til handa félagsmönnum allra samtakanna.

Þann 10. okt árið 2019 var haldinn fundur í Finnlandi og mættu Aðalheiður (framkvæmdastjóri Myndstefs) og Ragnar Th. (formaður stjórnar) til fundar. Rædd voru ýmis málefni, m.a. nýja tilskipum Evrópusambandsins og bein áhrif hennar á hugverkarétt í löndum samtakanna.

## 8. Lokaorð

Ljóst er að fjárhagsstaða Myndstefs er ágæt og hefur safnast saman fjármunir í sjóð, en hann er þó að mikli leiti eyrnamerkur ákveðnum höfundum sem ekki hefur tekist að greiða til og einnig er talsverð óvissa varðandi IHM greiðslur. Það er því vissara að eiga áfram þann sjóð sem Myndstefi ber að geyma en einnig fjármuni sem koma til gagns ef deilumál innan IHM mun kosta Myndstef fjármuni (t.d. við gerðardóm).

Vitundavakning höfunda og notenda um höfundarétt hefur aukist og telur Myndstef það mikið fagnaðarerindi. Á árinu bárust samtökunum yfir 55 mál þar sem skrifstofan aðstoðaði höfunda beint við réttindavörslu sína og beiðnir um aðstoð við leyfisveitingu og samninga. Að auki bárust samtökunum fjöldinn allur af fyrirspurnum og beiðnir um upplýsingar. Félagsmenn voru einnig duglegir að nýta sér ókeypis lögfræðiráðgjöf samtakanna. Helst mátti bera á málum vegna upplýsingaleysis til höfunda um hvar verkin þeirra eru niðurkomin, útilistaverk sem eru látin grotna niður, óheimil endurgerð og aðlaganir, óheimil notkun á varningi fyrir erlenda ferðamenn, ljósmyndir af höfundaréttarvörðum verkum á erlendum myndabönkum og í erlendum ferðamannabókum, óheimil notkun á heimasíðun og útgáfum og sí-algengara er óheimil notkun eða endurgerð á ýmis konar hönnun.

Samtökin finna einnig fyrir áframhaldandi viðhorfsbreytingu gagnvart greiðslu á höfundarétti og meiri skilning og áherslu á höfundarétt hjá ýmsum ráðuneytum.

**Ragnar Th Sigurðsson, stjórnarformaður Myndstefs**